



Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Borgarbyggð, 6. september 2023

Ábendingar og tillögur Borgarbyggðar til starfshóps um skoðun á skattalegu umhverfi orkuvinnslu

Fjármálaráðherra skipaði í byrjun júní 2023 starfshóp og fól honum að hefja skoðun á skattalegu umhverfi orkuvinnslu. Með birtingu í Samráðsgátt stjórnvalda 27. júní var óskað eftir ábendingum og tillögum til starfshópsins sem stutt gætu vinnu hans. Borgarbyggð þakkar fyrir það tækifæri. Borgarbyggð tekur heils hugar undir að brýnt sé „að hefja skoðun á skattalegu umhverfi orkuvinnslu í stærra samhengi með það að markmiði að skapa henni nýja skattalega umgjörð og kanna leiðir til að ávinningur vegna auðlindanýtingar, þ.m.t. vegna orkuframleiðslu, skili sér í ríkari mæli til nærsamfélaga og þeirra aðila sem fyrir áhrifum verða.“

Byggðarráð Borgarbyggðar tók málið til umfjöllunar á fundi sínum 3. ágúst sl. og bókaði eftirfarandi: „Byggðarráð fagnar markvissri vinnu að umbótum á skattalegu umhverfi orkugeirans. Byggðarráð leggur áherslu á að í þeirri vinnu sé jafnt litið til orkuvinnslu og orkudreifingar. Orkuskipti kalla á fjárfestingu í grænni orkuframleiðslu og dreifikerfi raforku. Íbúar um allt land þurfa að finna að kostnaði og ávinningi við þau orkuskipti sé dreift af sanngirni og að tekið sé tillit til þeirra sem verða fyrir áhrifum í nærumhverfi. Það verður m.a. gert með skattlagningu eða annarri opinberri gjaldtöku. Nauðsynlegt er að hraða vinnu við orkuskipti. Það eru mikil tækifæri til umbóta á skattkerfi orkugeirans þannig að það hvetji til orkuskipta í stað þess að vera uppspretta deilna. Þar er nærtækt að líta til reynslu sumra nágrannaþjóða. Byggðarráð felur sveitarstjóra að setja saman umsögn í samræmi við þessa bókun og umræðu á fundinum.“

Í Borgarbyggð fer fram mikil framleiðsla á varma til húshitunar og iðnaðar, mest við Deildartunguhver á vegum Veitna. Viðamesta raforkuvinnslan í Borgarbyggð fer fram í Andakílsárirkjun á vegum Orku náttúrunnar. Víða annars staðar fer fram orkuframleiðsla í smærri stíl. Raforkuframleiðsla í Borgarbyggð er sem stendur óveruleg samanborið við íslensk orkusveitarfélög. Borgarbyggð deilir hins vegar sjónarmiðum þeirra um mikilvægi þess að nærsamfélög njóti þeirrar verðmætasköpunar sem orkan leysir úr læðingi. Um Borgarbyggð liggur viðamikil dreifikerfi orku og framundan frekari uppbygging. Áform eru um verulega uppbyggingu vindorkugarða í Borgarbyggð sem hafa ratað inn á borð sveitarfélagsins. Verði þau áform að veruleika myndi raforkuframleiðsla og dreifing á raforku í sveitarfélaginu stórukast.

Það gefur auga leið aukin framleiðsla og dreifing á endurnýjanlegri orku er forsenda þess að orkuskipti geti farið fram án skerðingar á lífskjörum. Í Borgarbyggð eru t.a.m. uppi fjárfestingaráform, bæði á vegum sveitarfélagsins og einkaaðila, sem kalla á endurnýjanlega orku. Það væri fullkomlega óásættanleg niðurstaða fyrir íbúa í Borgarbyggð ef uppbygging orkumannvirkja í sveitarfélaginu myndi fyrst og fremst byggja upp atvinnu- og mannlíf í öðrum sveitarfélögum, og skila skatttekjum annars staðar, en Borgarbyggð og íbúar í sveitarfélaginu sætu uppi með umhverfisáhrifin. Engin sveitarstjórn á landinu er reiðubúin að bjóða íbúum upp á slíkt.

Þetta er samt kunnuglegt stef og saga innlendar orkuframleiðslu síðustu hálfu öldina. Því miður er því pattstaða á orkumarkaði um þessar mundir og hægt þokast í orkuskiptum ekki síst vegna þess að ekki er til staðar samkomulag um eðlilegt gagngjald af nýtingu og flutningi orkunnar. Það mun ekki breytast

fyrir en tryggður hefur verið sanngjarn ábati nærsamfélags af orkuvinnslu og flutningum, þangað til munu fáir kjósa orkuvinnslu og -flutning í sínum bakgarði.

Því miður kemur þetta niður á hraða orkuskipta í landinu og seinkar ásættanlegu afhendingaröryggi um land allt. Brýn nauðsyn er á löggjöf sem hvetur til uppbyggingar á endurnýjanlegri orku þar sem hreinn ávinningur er mestur. Það er lykilviðfangsefni þessa hóps. Mikilvægt er að öll sveitarfélög landsins sjái sér hag í því að orkuskiptin gangi greiðlega og þau njóti öll sambærilegs ábata.

Borgarbyggð hvetur til að ólíkar leiðir verði skoðaðar með opnum hug. Mismunandi aðstæður geta átt við á hverjum stað; miðlæg skattlagning, auðlindagjald, tryggð niðurgreidd orka til nærsamfélags, forgangur að orku til nærsamfélags, beint eða óbeint eignarhald, svo dæmi séu tekin. Þetta eru allt leiðir sem farnar hafa verið með einum eða öðrum hætti í nágrennalöndum. Sumar fela í sér beinar tekjur en aðrar stuðla óbeint að uppbyggingu atvinnulífs, á grundvelli nándar við auðlindina.

Að mati Borgarbyggðar er tímabært að endurskoða undanþágu sem mannvirki til orkuvinnslu njóta frá greiðslu fasteignaskatts og um leið að úrskurða hvort sú undanþága eigi við um vindorkuver. Eðlilegt að sú endurskoðun sé í samhengi við aðra skattheimtu og að flutningskerfi orkunnar verði ekki aðskilið. Um leið er rétt að gjalda varhug við skattlagningu flutningsinnviða og þeim kostnaðarhækkunum sem henni kann að fylgja. Það er ekki einfalt verk að útfæra sanngjarnt fyrirkomulag innheimtu fasteignaskatta af orkumannvirkjum í heild.

Aðalatriðið er að gjaldtaka skili sér í sanngjörnu hlutfalli við skilgreind áhrif innan áhrifasvæða virkjana og flutningsmannvirkja.

Virðingarfyllst,



Stefán Broddi Guðjónsson, sveitarstjóri Borgarbyggðar